

REGLUR

um heimili og stofnanir fyrir börn samkvæmt 1.- 3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

(Vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyðarathvarf, sumardvalarheimili og sumarbúðir, eða önnur heimili sem taka börn til uppeldis eða umönnunar um langan eða skamman tíma.)

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Skilgreiningar. Stofnun. Rekstur.

Reglur þessar taka til heimila og stofnana sem reknar eru af einstaklingum, félagsamtökum og sjálfseignarstofnunum. Hið sama á við standi opinberir aðilar að starfinu hvort heldur er að hluta til eða að fullu og öllu, sbr. þó undantekningarákvæði 6. mgr. Standi barnaverndarnefnd eða stofnun á vegum hennar [félagsmálastofnun] að rekstrinum gilda um þann rekstur sérstakar reglur.

Heimili og stofnanir samkvæmt reglum þessum teljast hvers konar heimili sem taka sex börn eða fleiri undir 18 ára aldri til sólarhringsdvalar til uppeldis, umönnunar eða aðhlynningar og gilda þegar fram fer saman eða hvort í sínu lagi meðferð, tómstundastarf, námskeiðahald eða önnur óskilgreind umönnun.

Börn starfsfólks og aðstandenda heimilis 12 ára og yngri sem þar búa skulu talin með dvalarbörnum.

Reglurnar taka til viðvarandi, skipulagðrar starfsemi. Samkvæmt því fellur starf, sem fer fram í eitt skipti, enda þótt það standi yfir í fáeina sólarhringa, ekki undir reglurnar.

Reglurnar taka ekki til staða þar sem börn dvelja með foreldrum sínum.

Reglurnar taka ekki til heimila sem rekin eru samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um málefni fatlaðra, eða á vegum (annarra) opinberra aðila, svo sem skólayfirvalda, og lúta eftirliti og umsjón þeirra.

2. gr.

Stjórn heimilis. Leyfisveiting.

Fyrir hverju heimili skal vera rekstraraðili er fer með yfirstjórn heimilis. Rekstraraðili ber fulla og óskoraða ábyrgð á öllu því starfi sem fram fer.

Barnaverndarstofa veitir rekstraraðila leyfi til að stofna eða reka heimili samkvæmt þessum reglum að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í reglum þessum. Starfsleyfi er gefið út í nafni rekstraraðila. Óheimilt er að hefja starfrækslu fyrr en Barnaverndarstofa hefur gefið út starfsleyfi, sbr. 5. gr.

3. gr.

Umsóknir

Umsóknir um leyfi til að stofna eða reka heimili samkvæmt þessum reglum skulu sendar Barnaverndarstofu eigi síðar en sex vikum áður en fyrirhuguð starfsemi á að hefjast. Í umsókn skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

1. Heiti heimilis og staðsetning.
2. Upplýsingar um rekstraraðila, kennitala, heimilisfang, heima- og vinnusími, menntun og núverandi starf ef um einstakling er að ræða.

3. Upplýsingar um fjölda starfsfólks, verkaskiptingu þess ef um það er að ræða, þ.á m. hvort sérstakir starfsmenn starfa við hreingerningar, matseld, störf sérfræðinga o.s.frv., sbr. 10. gr.
4. Stutt yfirlit yfir starfsmenn, menntun þeirra og reynslu af starfi með börnum [ef ráðningu er lokið við umsókn].
5. Tímabil sem heimili er ætlað að starfa og sótt er um leyfi fyrir. Sé heimili ekki starfrækt allt árið skal tilgreina þann tíma úr ári sem um ræðir.
6. Aldur dvalarbarna, fjölda þeirra og dvalartíma í senn.
7. Upplýsingar um það hvort og þá hvaða önnur starfsemi fari fram á heimilinu, svo sem atvinnustarfsemi.

4. gr.

Umsagnir, vottorð og önnur gögn.

Umsókn skal fylgja:

1. Yfirlit um starfsferil rekstraraðila ef um einstakling er að ræða, menntun og reynslu af starfi með börnum.
2. Sakarvottorð rekstraraðila og forstöðumanns ef við á. Sé sakarvottorð annars eða beggja ekki hreint metur Barnaverndarstofa hvort athæfi sem fram kemur á sakarvottorði er til þess fallið að draga úr hæfni umsækjanda til að rækja starf sitt. Kemur þar m.a. til álita hve langt er um liðið frá því refsivert athæfi átti sér stað.
3. Lýsing á verksviði og ábyrgð forstöðumanns.
4. Meðmæli ábyrgs aðila þar sem lýst sé hæfni rekstraraðila og forstöðumanns til að reka þá starfsemi sem fyrirhuguð er og færð rök fyrir því. Að auki getur Barnaverndarstofa óskað eftir því að bent sé á fleiri aðila sem leita má til eftir slíkri umsögn.
5. Greinargerð þar sem fyrirhuguðu starfi er lýst. Þar sé lýst tilgangi starfsins og markmiðum, aðferðum, kenningum og hugmyndafræði og öðru sem umsækjandi telur ástæðu til að taka fram.
6. Úttekt slökkviliðsstjóra og vottun um að brunavarnir séu fullnægjandi.
7. Leyfi byggingarnefndar ef um nýtt húsnæði eða breytta notkun er að ræða.
8. Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

5. gr.

Starfsleyfi.

Þegar Barnaverndarstofu hefur borist umsókn skal stofan senda hana til umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimili verður starfrækt. Nefndin skal senda umsögn sína eigi síðar en þremur vikum frá því hennar var óskað.

Barnaverndarstofa gefur út leiðbeiningar fyrir barnaverndarnefnd um þau atriði sem henni ber að kanna.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar gefur Barnaverndarstofa út starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum þessara reglna. Aldrei skal gefið út leyfi til lengri tíma en eins árs þegar sótt er um í fyrsta sinn. Sé starfsemi einungis rekin hluta úr ári er leyfi veitt þann hluta úr ári sem starf fer fram.

Synji Barnaverndarstofa umsækjanda um starfsleyfi getur hann borið málið undir félagsmálaráðuneyti.

Barnaverndarstofa getur gefið út leyfi til fimm ára í senn þar sem fyrirsjáanlegt er að um viðvarandi starfsemi verði að ræða.

Við endurnýjun umsóknar metur Barnaverndarstofa eftir þörfum hvort og þá hvaða gögn umsækjandi skuli láta í té og hvort umsagnar barnaverndarnefndar skuli aflað.

Sá er heimili rekur skal gera Barnaverndarstofu grein fyrir öllum meiri háttar breytingum sem kunna að verða á starfsemi á gildistíma starfsleyfis eða þegar ákvörðun

um slíkt hefur verið tekin. Undir það falla breytt markmið og innihald starfs, flutningur í annað húsnæði, breytingar á fjölda starfsmanna eða fjölda barna o.s.frv.

Barnaverndarstofa gerir barnaverndarnefnd viðvart þegar gefið er út starfsleyfi fyrir heimili í umdæmi nefndarinnar samkvæmt þessum reglum og kynnir nefndinni breytingar skv. 7. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Húsnæði.

Húsnæði skal fullnægja skilyrðum þeim sem sett eru í heilbrigðisreglugerð og öðrum fyrirmælum yfirvalda heilbrigðis-, bygginga- og brunamála varðandi húsnæði.

Reykingar eru bannaðar á heimilum þeim sem þessar reglur taka til.

7. gr.

Aldur dvalarbarna.

Eigi er heimilt að taka yngri börn en sex ára til dvalar á heimili samkvæmt þessum reglum. Þó er heimilt að taka yngri börn ef sérstakar aðstæður barns mæla með því, að fengnu samþykki barnaverndarnefndar, enda séu gerðar í samræmi við það auknar kröfur um fjölda starfsfólks og sérþekkingu þess við umönnun ungra barna.

8. gr.

Læknisvottorð.

Þeim börnum sem eiga við einhvers konar veikindi að stríða skal fylgja læknisvottorð þar sem fram komi upplýsingar um veikindin og skýr fyrirmæli læknis um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv. að svo miklu leyti sem slíkt á við. Skulu þeir sem reka heimili kynna forsjármönnum barna þetta ákvæði og hvetja þá til að láta slík vottorð og gögn í té þegar við á.

9. gr.

Ábyrgð gagnvart dvalarbörnum. Trúnaður. Bann við refsingum.

Rekstraraðili ber alla ábyrgð á starfi heimilis, sbr. 2. gr. Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegri starfsemi eftir því sem fram kemur í verklýsingu, sbr. 3. tölul. 4. gr.

Starfsmenn allir skulu haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við líkamlegar og andlegar þarfir barna og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði í uppeldi hvers og eins barns í samræmi við þau markmið sem viðkomandi heimili hefur. Barnaverndarnefnd, í því umdæmi þar sem heimili er rekið, skal sjá svo um að unnt sé að veita starfsmönnum upplýsingar og leiðbeiningar um þessi efni ef nauðsyn krefur. Þá skulu starfsmenn leita álits og ráðgjafar sérfróðra manna eftir því sem þörf kann að vera á. Með allar upplýsingar sem starfsmenn heimilis fá um hagi barns og foreldra þess skal farið með af trúnaði gagnvart óviðkomandi.

Aldreí má beita börn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum á heimilum.

Þar sem við á skulu dvalarbörn vera undir eftirliti starfsmanna úti og inni.

Fyrirsvarsmenn heimilis og starfsmenn allir skulu gera ráðstafanir til að varna slysum innan heimilis sem utan og skulu tileinka sér upplýsingar og fræðslufni sem kann að vera aðgengilegt í því sambandi.

Sá er rekur heimili skal sjá svo um að starfsmenn hljóti sérstaklega þjálfun í því hvernig bregðast skuli við eldsvoða.

Á heimilum sem starfa eftir þessum reglum skulu sem flestir starfsmenn hafa til að bera þekkingu á grundvallaratriðum í skyndihjálp. Undantekningarlaust skal starfa á heimili einn starfsmaður með slíka þekkingu.

Starfsmenn á barnmörgum heimilum (20 eða fleiri) skulu sem flestir hafa sótt námskeið um skyndihjálp. Slík fræðsla skal endurnýjuð þriðja hvert ár.

10. gr.

Starfsmannahald. Fjöldi starfsmanna. Menntun starfsmanna.

Forstöðumenn skulu að jafnaði ekki vera yngri en 25 ára. Víkja má frá því með tilliti til menntunar og reynslu.

Aldrei skulu færri en tveir starfa á heimili sem rekin eru samkvæmt þessum reglum. Starfsmenn geta þeir einir talist sem náð hafa 18 ára aldri. Unglingar yngri en 18 ára teljast ekki starfsmenn samkvæmt reglunum enda þótt þeir veiti starfi heimilis lið.

Við ákvörðun um fjölda starfsmanna skal einkum tekið mið af eftirfarandi atriðum: Aldri barna og þörfum þeirra [hvort um sérþarfir er að ræða], þjónustu sem börnum er veitt [þvottar o.þ.h.], menntun starfsmanna og reynslu, eðli og markmiðum starfsins, skipulagi, reynslu af starfi heimilisins, verkaskiptingu starfsmanna í milli, lengd dvalar o.s.frv. og hverjir leggi starfi heimilis lið án þess að teljast til starfsmanna.

Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en fimm börn í umsjá hvers starfsmanns, en víkja má frá því eftir ákvörðun Barnaverndarstofu með tilliti til þess sem fram kemur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, svo sem í starfi sumarbúða. Einnig getur Barnaverndarstofa gert auknar kröfur um fjölda starfsmanna.

Séu börn 20 eða fleiri, svo sem í sumarbúðum, skulu starfsmenn með uppeldismenntun og/eða reynslu af slíku starfi, einn eða fleiri eftir ákvörðun Barnaverndarstofu, starfa á heimilinu. Þá getur Barnaverndarstofa gert kröfu um lágmarksmentun starfsmanna, sérfræðilega ráðgjöf og handleiðslu gagnvart þeim svo og að á heimili eða í tengslum við það starfi fólk með sérfræðilega þekkingu, svo sem á sviði læknisfræði, sálarfræði, kennslu- og uppeldisfræði, allt eftir eðli þess starfs sem fram fer.

II. KAFLI

Eftirlit með heimilum. Tilkynningarskylda. Viðurlög.

11. gr.

Eftirlit með heimilum og starfi á þeim. Skráning.

Barnaverndarnefnd skal gæta þess að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili en þau sem hafa hlotið leyfi Barnaverndarstofu.

Skylt er þeim sem rekur heimili að sjá svo um að haldin sé skrá yfir þau börn sem dvalið hafa á heimili, nafn þeirra, kennitölu, heimilisfang og dvalartíma.

Þá skal skrá í sérstaka dagbók stutta lýsingu á starfi heimilis yfir daginn. Skrá skal á einn stað öll tilvik um slys og óhöpp sem kunna að verða á börnum inni á heimilinu og utan. Hafa skal skráningablað frá Slysavarnarfélagi Íslands til hliðsjónar [slysaskráningablað fyrir leikskóla].

Barnaverndarnefnd ber að fylgjast vandlega með högum og aðbúnaði barna sem dvelja á heimilum fyrir börn í umdæmi hennar og heimsækja þau eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári hverju enda sé eftirlitið ekki falið öðrum.

Barnaverndarstofa getur hvenær sem er kafið barnaverndarnefnd um skýrslu um eftirlit með heimilum í umdæmi nefndarinnar.

Skylt er heimili að afhenda barnaverndarnefnd og/eða Barnaverndarstofu allar upplýsingar um starfsemi heimilis sem óskað er eftir, svo sem skrá yfir börn og starfsmenn, dagskrá, vottorð og gögn, dagbækur svo og annað það sem kann að vera beðið um og varpað getur ljósi á það sem fram fer á heimilinu.

12. gr.

*Misfellur í aðbúnaði barns. Tilkynning til barnaverndarnefndar.
Svipting starfsleyfis.*

Telji barnaverndarnefnd að meðferð barns á heimili sé óhæfileg eða rekstri þess á annan hátt ábótavant skal hún leitast við með leiðbeiningum og áminningum að fá úr því bætt sem áfátt er. Komi það ekki að haldi að hennar mati skal nefndin leggja málið fyrir Barnaverndarstofu.

Þeir sem starfa á eða í tengslum við heimili, sem rekin eru skv. þessum reglum, og verða þess vísir að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess svo áfátt að barninu geti stafað hætta af, er skylt að tilkynna það til barnaverndarnefndar í umdæmi heimilisins sem grípur til viðeigandi ráðstafana. Sama á við ef barn á heimili stefnir eigin heilsu og þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu áfengis eða vímuefna, með afbrotum eða annarri skaðlegri hegðun og ætla má að þörf sé á að barnaverndarnefnd láti sig mál barnsins skipta. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framár ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Barnaverndarstofa getur, samkvæmt ábendingum barnaverndarnefndar eða að eigin frumkvæði, svipt rekstraraðila rétti til áframhaldandi rekstrar ef umönnun barns er óhæfileg eða rekstri heimilis ábótavant, eða ef um annars konar brot á reglum þessum er að ræða, enda sé sá frestur, sem stofan hefur veitt til úrbóta, liðinn án þess að bætt hafi verið úr því sem áfátt er.

13. gr.

Heimili án starfsleyfis.

Fái Barnaverndarstofa vitneskju um að rekið sé heimili fyrir börn, sem undir þessar reglur falla, án tilskilins leyfis skal stofan gera þeim viðvart um tilvist reglnanna og gefa hæfilegan frest til að þeir leggi fram umsókn. Berist Barnaverndarstofu ekki umsókn að liðnum fresti getur stofan farið fram á að viðkomandi heimili verði lokað. Ef því er að skipta leitar Barnaverndarstofa til lögregluþyrvalda til að fá heimili lokað.

14. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem eru settar af Barnaverndarstofu samkvæmt heimild í 2. mgr. 52. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, sbr. lög nr. 22/1995, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er úr gildi fallin reglugerð, nr. 160/1993, um sumardvalarheimili barna og sumar-búðir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimili, sem eru starfrækt við gildistöku reglna þessara samkvæmt reglugerð um sumardvalarheimili barna og sumar-búðir, nr. 160/1993, hafa leyfi til áframhaldandi starfrækslu út gildistíma leyfisins. Hyggist heimilið halda áfram starfsemi sinni að þeim tíma liðnum skal lögð fram umsókn í samræmi við ákvæði þessara reglna.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. júní 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.